



# Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga,  
Akranesi 14. september 2012

**Halldóra Gunnarsdóttir**  
**Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar**



# Æi þarf nú að fara að vinna þessa jafnréttisáætlun?

Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir...Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar. (12. gr. jafnréttislaga).




...eða tækifæri til að eiga samvinnu við öflugt fólk, sjá nýjar hliðar á hlutunum og auka réttlæti í starfi sveitarfélagsins

- ✓ Samvinna við svið/skrifstofur borgarinnar – sveitarfélagsins.
- ✓ Ráðgjöf frá Jafnréttisstofu.
- ✓ Flétta – tengja saman marga þræði.

# Fléttun - tengingar

- ✓ Jafnréttislögin nr. 10/2008.
- ✓ Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar samþykkt 16. maí 2006.
- ✓ Evrópusáttmálinn um jafna stöðu kvenna og karla, undirritaður 20. okt. 2009.



# Úr aðgerðaráætluninni

## Aðgerð 3

*Sjá 23. grein jafnréttislaga og 9. grein Evrópusáttmála í jafnréttismálum.*

Kynna samþættingarverkefnið **Jafnrétti í skólum**. Skólum standi til boða kynningar á jafnréttisverkefni sem unnið var í Vogaskóla, *Jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga*, ásamt öðrum verkefnum og stefnum sem vinna gegn staðalímyndum og að jafnrétti kynjanna innan skólasamfélagsins.

**Tímasetning:** 2012 - 2015

**Ábyrgð:** Mannréttindaskrifstofa

Verður gert með fræðslu í hverjum einasta skóla í Reykjavík og til starfsfólks í frístundastarfi. Það eru tæplega 3.500 manns sem munu fá þessa fræðslu.

# Jafnrétti í skólum

## Úr 23. grein:

- ✓ Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi.
- ✓ Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
- ✓ Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Ath. Einnig nýja skólanámskrá þar sem jafnrétti er ein grunnstoðin.

# Úr aðgerðaráætluninni

## Aðgerð 4

*Sjá 23. grein jafnréttislaga.*

Sjá til þess að nemendur í öllum grunnskólum borgarinnar hljóti fræðslu um jafnréttismál.

Þróað verði kennsluefni/kennsluefnisbanki til að styðja við fræðsluna.





JAFNRÉTTISFRÖMUÐIR Þær Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir hafa sett saman verkefni sem stuðlar að bættu jafnréttisviðhorfi grunnskólabarna.

FRÉTTA BLAÐIÐ VALLI

# Börn læra um jafnrétti

Jafnréttisverkefni í grunnskólum landsins tekst á við úreilt kynjaviðhorf í hópi barna og ungmenna. Flétta fræðslu inn í almennt námsefni um sögu og íslensku. Vilja auka jafnréttisfræðslu frá leikskólaaldri og upp úr.

Gagnabanki – er verið að vinna að honum en hægt að skoða á [reykjavik.is/jafnrettiiskolum](http://reykjavik.is/jafnrettiiskolum)



# Úr aðgerðaráætluninni

## Aðgerð 7

*Sjá 9. grein í Evrópusáttmála í jafnréttismálum.*

Setja fram tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kynjanna í borginni og nýtingu þeirra á þjónustu borgarinnar.

Gefum út bæklinginn *Kynlegar tölur*

8. mars ár hvert.


Er á vef borgarinnar

[reykjavik.is/mannréttindi](http://reykjavik.is/mannréttindi)




# Kynlegar tölur 8. mars 2012

Útilistaverk í borginni, hlutfall sem sýnir nafngreinda konu/karl og annað



Útilistaverk í Reykjavík greint hlutfallslega eftir kyni listamanns



# Úr aðgerðaráætlun

## Aðgerð 19

*Sjá 22. grein jafnréttislaga, grein 2.2.7 í mannréttindastefnu borgarinnar og 11. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum.*


Þátttaka í nýsköpunarsjóðsverkefni er lýtur að skoðun klámvæðingar á vinnustöðum, útgáfu fræðsluefnis um það, áhrif þess og hvernig hún tengist kynbundinni og kynferðislegri áreitni.

**Tímasetning:** Nýsköpunarsjóðsverkefni

unnið 2011, útgáfa fræðsluefnis 2012

**Ábyrgð:** Mannréttindaskrifstofa

Bæklingurinn er á vef borgarinnar og öllum velkomið að nýta hann.



# Úr bæklingnum



„Þú ert rosalega lík einni undirfatafyrirsætu sem ég hef séð hjá Vicoria's Secret“ og ég sagði bara „Uh! Ég veit ekki hvað ég á að segja við því. „Mér fannst ég hálfpartinn nakin. Af því að þú vilt vera tekin alvarlega í vinnunni en vopnin eru tekin úr höndum þér og þér finnst þú svolítið berskjölduð.“



## Aðgerð 25

*Sjá 22. grein Evrópusáttmála í jafnréttismálum.*

Vinna aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem nái m.a. til eftirtalinna þátta:

- Forvarna til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi.
- Fræðslu um kynbundið ofbeldi til starfsfólks.
- Upplýsingargjafar á íslensku, ensku og pólsku þess efnis hvert er að hægt að leita fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.
- Samvinnu milli þeirra sem veita stuðning og þjónustu.

# Aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum

Það eru 15 aðgerðir í fyrri hlutanum – gegn kynbundnu ofbeldi.

Það eru 21 aðgerð í seinni hlutanum.

Áætlunin var unnin af starfshópi frá þeim sviðum sem verkefnið snerti og fól í sér mikla samvinnu bæði innan borgar en einnig við fræðafólk og grasrótarfélög.

[Er á vef borgarinnar](#)







Ingólfur Arnarson var fyrsti landnámsmaður Íslands fyrir meira en 1100 árum. Ferð hans frá Noregi tók fjóra daga og það voru engar munnþurrkur.

Takk fyrir